



10.mars 2021

Mælaborð um farsæld barna á Íslandi Samráð

Undanfarin þrjú ár hefur félags- og barnamálaráðherra farið fyrir margbættri vinnu við endurskoðun á félagslegri umgjörð barna á Íslandi, en þrjú frumvörp er tengjast samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru lögð fyrir Alþingi nýlega. Samhliða hefur verið unnið að heildstæðri stefnu og aðgerðaáætlun um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem kynnt verður á næstunni. Mikilvægur liður í þessari vinnu er þróun mælaborðs sem heldur utan um helstu tölfraðigögn er varpa ljósi á farsæld barna á Íslandi.

Í *frumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna* er farsæld skilgreind svo: „Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“. Þættir sem stuðla að farsæld eru meðal annars lífsgæði, réttindi og þjónusta sem stuðla í senn að góðri æsku og góðu lífi á fullorðinsárum. Við þróun mælaborðs um farsæld barna á Íslandi þarf því að horfa til fjölbreyttra þátta svo sem heilsu, hamingju, menntunar, öryggis, tækifæra, lífskjara, félagslegra tengsla, fjölskyldulífs, þátttöku í samfélaginu og áhrifa barna á ákvarðanir sem varða daglegt líf þeirra. Mælaborðið skal nýtast við stefnumótun og forgangsröðun opinberra aðila jafnt sem til upplýsingar við opinbera umræðu um málefni er varða börn.

Í október síðastliðnum hófst formleg vinna innan Stjórnarráðsins við þróun mælaborðsins, með stofnun stýrihóps Stjórnarráðsins um mælaborð um velferð barna. Formaður hópsins er Kolbeinn Stefánsson dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og í hópnum sitja fulltrúar sjö ráðuneyta, auk embættis umboðsmanns barna, Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aðalmarkmiðið með þróun mælaborðsins er að draga fram heildstæða mynd af farsæld barna hér á landi, á grundvelli þeirra fjölþættu tölfraðigagna sem til staðar eru, fyrir ríki og sveitarfélög. Er þar horft til þess að safna tölfraðigögnum um ólík málefni og hópa barna og tryggja að stjórnvöld hafi yfirlit yfir þætti er varða farsæld barna hér á landi, yfirlit sem að byggir á nýlegum og aðgengilegum gögnum. Markmið mælaborðsins er enn fremur að tryggja að þau tölfraðigögn sem til eru séu nýtt með markvissum hætti við lagasetningu, stefnumótun og mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga.

Vinna við mælaborð stjórnvalda byggir á mælaborði sem Kópavogsbær þróaði árið 2019 fyrir sveitarfélagið, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi (sjá [hér](#)). Mælaborðið í Kópavogi hefur hlotið Alþjóðleg verðlaun UNICEF auk þess sem það hefur vakið töluverða athygli innan sem utan landssteinanna. Það er hins vegar ljóst að mælaborðið verður ekki heimfært á einfaldan hátt yfir á önnur sveitarfélög eða Ísland í heild sinni enda verður að horfa til þátta eins og aðgengi að gögnum og gæðum þeirra.

Til að tryggja aðkomu sem flestra að þróun mælaborðsins og að athugasemdir komi fram í upphafi þróunarvinnunnar óskar félagsmálaráðuneytið og stýrihópur Stjórnarráðsins um mælaborð um farsæld barna eftir athugasemdum og hugmyndum frá haghöfum og almenningi. Sérstaklega er óskað eftir :

- 1) tillögum að mælingum sem varpa ljósi á farsæld barna á Íslandi
- 2) ábendingum um gögn sem geta nýst í mælaborðið



10.mars 2021

3) ábendingum um hópa barna í viðkvæmri stöðu sem er ástæða til að leggja áherslu á, annað hvort með því að draga þá sérstaklega fram í niðurbroti mælinga eða með sérstökum mælingum sem eru sértækar fyrir hópinn.

Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna:

[440/151 stjórnarfrumvarp: samþætting þjónustu í þágu farsældar barna | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)